

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2024 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

á veitusvæði HS Veitna	7,84 kr./kWst. Gildir frá 1. janúar 2024.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli*	11,28 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	8,86 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli*	10,63 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	7,91 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	7,75 kr./kWst. Gildir frá 1. febrúar 2024.

* Niðurgreiðslur í dreifbýli taka mið af dreifbýlisframlagi eins og það var 31. desember 2023 hjá dreifiveitum með heimild til dreifbýlisgjaldskrár.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

RARIK	6,44 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	5,99 kr./kWst.,
HS Veitur	201,06 kr./m ³ .

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðalverði niðurgreiddrar raforku til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2024, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi gildir frá 1. maí 2024, nema annað sé tekið fram og kemur í stað auglýsingar sama efnis, nr. 242/2024.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. maí 2024.

F. h. r.

Magnús Guðmundsson.

Hreinn Hrafnkelsson.